

9.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn föstudaginn 4.nóvember 2022 kl.16:00 á skrifstofu Árneshrepps í Norðurfirði og hefst kl. 16:00.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnes, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Delphine Briois Kjörvogi, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2. Sólveig er 1.varamaður og mætir í stað BJF.

Dagskrá fundarins;

1. Undirbúningur að fjárhagsáætlun. Ákveðið hvaða verkefni verða tekin á næsta ári og hver verði í forgangi.
2. Ársskýrsla Brothættra byggða, lögð fram til kynningar og umræðu.
3. Önnur mál.

1.Undirbúningur að fjárhagsáætlun. Oddviti á ennþá eftir að fá útreikninga á kostnaði vegna ýmissa þátta sem fyrirhugað er að fara í á næsta ári, og mun einnig fá Kpmg ehf til að gera yfirlit yfir greiðslur út af reikningi Ljósleiðara Árneshrepps vegna verkefnisins. Skipt verður um klæðningu og annað efni á elsta þaki kaupfélagshússins, tilboð er væntanlegt. Óskað hefur verið eftir tilboði í efni og vinnu vegna steypuskemmda og flísalagnar, stærsta verkefnið þar verður að þétta vatnstankinn í Norðurfirði. Athuga þarf hvort hugsanlega er hægt að taka bæði eldri baðherbergin í kaupfélagshúsinu samtímis. Einnig þarf nauðsynlega að endurnýja eldavél og háf í íbúð 2 í kaupfélagshúsinu.

Lokahönnun vegna framkvæmda við Norðurfjarðarhöfn er væntanleg. Ákveðið að biðja JE að skoða kostnaðaráætlun fyrir bílskúrin við skólann og reikna fyrir okkur heildarkostnað við það verkefni.

2.Ársskýrsla Brothættra byggða, lögð fram til kynningar.

3.Önnur mál. Ákveðið var að halda áfram lifandi umræðu um framtíðina og skipulags framkvæmda og stefnu okkar fyrir árin framundan.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:50.